

Húsráðandi ber ábyrgð á þeim búnaði og lögnum innanhúss, sem eru í eigu og umsjá hitaveitunnar. Húsráðanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar, er vart verður bilunar á búnaði og tækjum, og skal hann hlíta fyrirmælum um viðgerð á bilunum og gera ráðstafanir til varnar misnotkun á hitaveituvatninu.

Nú verða tæki eða annar búnaður fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun.

18. gr.

Viðurlög við brotum.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að láta vinna verk, sem hitaveitan hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðeigandi hátt, og er þá hitaveitunni heimilt að láta vinna það sem þörf krefur á kostnað eiganda. Kostnaðinn má innheimta hjá eiganda með lögtaki ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Eyra er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 1. október 1981.

Hjörleifur Guttormsson.

Páll Flygenring.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Eyra.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemla eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu þeirra.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 10,00 fyrir hvern rúm-metra vatns.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætlað hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun innheimtist fyrir hvern mæli á mánuði eftirfarandi fastagjald:

a) fyrir mæla til og með 3/4"	kr. 70,00
b) fyrir mæla 1" til 2"	kr. 140,00
c) fyrir mæla 3" eða stærri	kr. 280,00

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælislestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og/eða fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 50,00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Rúmmál húsa (utanmál)	Heimæðargjald
Allt að 500 m ³	kr. 7 500+15,00 kr/m ³
500—2000 m ³	kr. 15 000 fyrir 500 m ³ +10,00 kr/m ³ þar yfir
2000—6000 m ³	kr. 30 000 fyrir 2000 m ³ +7,50 kr/m ³ þar yfir
Meira en 6000 m ³	kr. 60 000 fyrir 6000 m ³ +6,00 kr/m ³ þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 1400 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. júlí 1981 (739 stig).

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum, sem á nefndri vísitölu verða, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur, kr. 100,00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Eyra er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 1. október 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Seyðisfjarðar.

1. gr.

Seyðisfjarðarkaupstaður rekur fyrirtæki sem nefnist Hitaveita Seyðisfjarðar og á heimili og varnarþing í Seyðisfjarðarkaupstað.

Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

Veitusvæði fyrirtækisins tekur yfir lögsagnarumdæmi kaupstaðarins og gildir reglugerð þessi um allt veitusvæðið, nema annars sé sérstaklega getið. Bæjarráð Seyðisfjarðar fer á hverjum tíma með stjórn Hitaveitu Seyðisfjarðar.

2. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar hefur einkaleyfi til dreifingar og sölu á heitu vatni á veitusvæði fyrirtækisins.

Stjórn fyrirtækisins getur þó heimilað einstaklingum og félögum fjarhitun á tilteknum svæðum undir yfirstjórn hitaveitunnar.

3. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar lætur leggja allar utanhússlagnir, aðalæðar, dreifiæðar og heimæðar. Haft skal samráð við bæjarstjórn um skipulag dreifikerfis og leitað staðfestingar hennar á staðsetningu lagna. Í húsum leggur hitaveitan lagnir inn fyrir mælagrind.